Gæðastýring í hrossarækt, landnýting
Ársskýrsla 2016

Landgræðsla ríksins 2017
Lr 2017/03

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skýrsla nr.: **Lr 2017/03** **Blaðsíður:** 10 **Dagsetning:** 10.02.2017

Heiti: **Gæðastýring í hrossarækt, landnýting. Ársskýrsla 2016**

Höfundur: Bjarni Maronsson

Ljósmyndir: Bjarni Maronsson

Verkefnisstjóri: Bjarni Maronsson

Unnið fyrir: Landgræðslu ríkisins

Samstarfsaðili: Félag hrossabænda

Útdráttur: Árið 2000 tók Landgræðsla ríkisins að sér að annast landnýtingarþátt gæðastýringar í hrossarækt. Verkefnið snýst um að þeir hrossabændur sem þess óska, fái staðfest með formlegum hætti að landnýting þeirra sé með sjálfbærum hætti, enda standist meðferð þeirra á beitarlandi sett viðmið. Settar voru ákveðnar vinnureglur og viðmið, sem notuð eru við úttektir á beitarlandi. Árið 2016 stóðust 40 hrossabú úttektarkröfur landnýtingarþáttarins.

Efnisorð:
Gæðastýring, hrossarækt, landnýting, úttektir, landlæsi, beitarstýring, ráðleggingar.

Undirskrift verkefnisstjóra

Inngangur
Lögum samkvæmt ber Landgræðslu ríkisins að hafa gát á meðferð á gróðri landsins og vinna gegn því að hann eyðist fyrir ofnotkun eða aðra óskynsamlega meðferð. Í samræmi við þetta lagaákvæði hefur eftirlit með búfjárhögum, verið þáttur í starfi Landgræðslunnar. Síðustu sautján ár hefur Landgræðslan, í samstarfi við Félag hrossabænda, annast landnýtingarþáttinn í gæðastýringarkerfi hrossaræktarinnar. Vinna Landgræðslunnar byggist m.a. á því að stuðla að sjálfbærri landnýtingu hrossabænda með úttektum á beitarlandi þátttökubúa og leiðbeiningum um úrbætur. Gott landlæsi landnotenda er grundvöllur sjálfbærrar landnýtingar. Við úttektirnar er land flokkað eftir rofi og beitarástandi, skv. einkunnastiga sem þróaður er af Borgþóri Magnússyni, gróðurvistfræðingi og samstarfsfólki hans. Fleiri viðmið eru notuð við úttektirnar, sjá Viðauka 2 á bls. 8.

Haustið 2000 voru fyrstu jarðirnar metnar og fékk þá 21 bú viðurkenningu fyrir vistvæna landnýtingu. Árið 2016 var sautjánda úttektaár gæðastýringarinnar. Þá voru 13 bú af upphaflegu þátttökubúunum enn með í landnýtingarþættinum.

Verklag
Úttektir vegna gæðastýringarinnar eru gerðar síðsumars eða á haustin. Flestar fara fram í september eða október. Úttektir gilda fyrir yfirstandandi ár og eru niðurstöður úttektar sendar viðkomandi landnotanda fyrir nóvemberlok ár hvert.

Frumúttekt á ástandi beitarlands þátttökujarða er gerð af tveimur starfsmönnum Landgræðslunnar, oftast héraðsfulltrúum. Loftmynd af beitarlandi þátttakenda er grunngagn við úttektir. Þar koma fram m.a. einstök beitarhólf og stærðir þeirra. Beitarástand og rof er metið í hverju hólfi fyrir sig. Frumúttektin er síðan notuð sem viðmið hvort og hvernig ástand jarðanna breytist milli ára. Í verklagsreglum gæðastýringarinnar koma fram þær viðmiðanir, sem beitarland þarf að standast til að viðkomandi jörð hljóti viðurkenningu fyrir sjálfbæra nýtingu beitarlands.

Endurúttektir annast héraðsfulltrúar Landgræðslunnar. Þeir koma einir á vettvang, nema um sérstök álitamál sé að ræða. Hafi jarðir staðist fyrstu þrjár úttektirnar, er ástand þeirra ekki metið sérstaklega fjórða árið. Eftir það eru jarðir metnar annað hvert ár. Þátttaka í landnýtingarþættinum er valfrjáls.

Úttektir árið 2016
Alls stóðust 40 bú úttektarkröfur árið 2016. Skipting þeirra eftir sýslum kemur fram í töflu 1. Nauðsynlegt er að úttektum ljúki meðan jörð er auð og auðvelt að komast um land. Úttektir voru gerðar á 27 jörðum og 13 jarðir voru ekki skoðaðar, sbr. verklagsreglur. Tvö bú hættu þátttöku og þrjú ný bú bættust við. Að úttektunum unnu eftirtaldir héraðsfulltrúar Landgræðslunnar: Sigþrúður Jónsdóttir, Garðar Þorfinnsson, Sunna Áskelsdóttir, Magnús Þór Einarsson og Bjarni Maronsson.

Tafla 1. Fjöldi þátttökubúa eftir árum og sýslum

Ár	Kjós	Mýr/Borg	V-Hún	A-Hún	Skag	Eyjafj	S-Þing	Rang	Árn	Snæ	Samt.
2000	0	4	1	1	8	3	0	2	2		21
2002	1	4	4	3	13	2	1	5	4		37
2004	1	3	4	3	14	2	1	9	4		41
2006	0	2	5	3	14	2	1	9	5		41
2008	0	2	5	4	14	5	1	10	5		46
2010	0	3	4	5	12	5	0	10	4		43
2012	0	5	4	5	10	5	0	10	5	1	45
2014	0	5	4	5	8	5	0	7	5	1	40
2015	0	5	4	5	8	5	0	7	4	1	39
2016	0	5	4	4	11	5	0	6	4	1	40

Í viðauka I er kort, sem sýnir nöfn og staðsetningu þátttökubúa.

Umræður
Eins og sjá má af töflu 1 eru ekki miklar sveiflur í fjölda né staðsetningu þátttökubúa frá árinu 2002. Meðal þátttakenda eru nokkur öflugustu hrossaræktarbú landsins. Tilgangurinn með gæðastýringarkerfi hrossaræktarinnar var m.a. sá að auka fagmennsku í meðferð beitarlands og auka velferð hrossa á viðkomandi búum. Þetta hefur tvímælalaust tekist hvað varðar meðferð lands. Landlæsi bænda á þátttökubúum hefur aukist og meðferð þeirra á beitarlandi batnað.

Á síðasta ári ákvað fagráð í hrossarækt að leggja niður verkefnið „Gæðastýring í hrossarækt“ frá og með áramótum 2016- 2017. Gæðastýringin skiptist í þrjá þætti, skýrsluhald, landvottun og vottun á velferð hrossa. Árið 2016 er því síðasta ár landnýtingarþáttarins. Landgræðslan áformar að bjóða núverandi þátttakendum í landnýtingarþættinum og öðrum hrossabændum, upp á úttektir á landi, sambærilegar landnýtingarþættinum. Hugmyndin er að það verði sérstakt verkefni í umsjá Landgræðslunnar, sett upp í samráði við Félag hrossabænda.

Félagslega myndi það styrkja búgreinina mikið, ef hrossabændur tækju afgerandi forystu fyrir íslenskum bændum í landnýtingu og umgengni um land sitt. Vilji, betra landlæsi og samstaða er allt sem þarf.

Tíðarfar var óvenju hagsætt gróðri á árinu 2016. Engu að síður finnast enn í öllum sýslum landsins dæmi um ofbeit af völdum hrossa. Víðast eru þetta einstök beitarhólf en einnig líka stór svæði eða jarðir. Í flestum tilfellum er hægt að koma í veg fyrir ofnýtingu lands með betri beitarstýringu. Margir hrossabændur kappkosta að að bæta landgæði jarða sinna með uppgræðslu lands og betra beitarskipulagi. Víða hefur náðst góður árangur, sem eykur velferð hrossa og bætir landnýtingu.

Ráðleggingar vegna hrossabeitar

1. Áburðargjöf á gróið land.
Sé takmarkað beitarland til staðar er áburðargjöf ákjósanleg til landbóta. Graslendi og framræst mýrlendi svara mjög vel áburðargjöf og uppskera getur aukist til muna. Áburðargjöf breytir einnig

tegundasamsetningu gróðurs, betri beitarplöntum í hag. Varast skal þó að beita hrossum á nýáborið land, einkum í gróanda á vorin. Æskileg áburðargjöf á úthaga er talin vera á bilinu 150-300 kg af alhliða eða tvígildum túnáburði. Í sumum landshlutum er fosfórskortur í mýrum, sem bæta má úr með því að bera á fosfórríkan áburð. Á sléttlendi er ráðlagt að dreifa úr hrossataðshrúgum með slóða. Þannig nýtist hrossataðið betur sem áburður og jafnframt dregur úr ormasmiti, einkum ef slóðadregið er á haustin.

2. Tímabundin friðun lands.
Rætur plantna rýrna og styttast við stöðuga beit, gróðurþekjan veikist og þolir verr beit og umferð hrossa. Því er nauðsynlegt að gefa gróðrinum frið af og til á vaxtartímanum svo hann nái sér vel á strik. Friðun lands dregur einnig úr ormasmiti.

3. Hlífa viðkvæmu landi við beit.
Beit á brattlendi eða á landi sem viðkvæmt er fyrir beit og umferð vegna rýrs jarðvegs, getur valdið miklum skemmdum á stuttum tíma, sérstaklega snemma vors eða í vætutíð. Því ætti að friða slík svæði þegar þannig háttar til en mætti nýta þau mið- eða síðsumars undir lok sprettutíma. Oft má girða viðkvæm svæði af með léttum rafgirðingum. Ef beita þarf viðkvæm svæði er betra að gera það með tiltölulega mörgum hrossum í stuttan tíma en með síbeit, jafnvel þó um færri hross sé að ræða.

4. Lengja gjafatíma.
Með lengri gjafatíma fram á vor minnkar álag á landi og gróður fær meiri frið til að spretta áður en beit er hafin. Meðan klaki er að fara úr jörðu og þangað til nægilegur beitargróður er kominn í haga er rétt að láta hrossin vera á afmörkuðum, skjólgóðum svæðum og gefa þeim vel fram í gróandann.

5. Hólfa land meira niður.
Skiptibeit stuðlar að bættri nýtingu á gróðrinum. Með því að skipta landi niður að einhverju leyti eftir gróðurlendum nýta hrossin gróðurinn mun jafnar. Með einföldum rafstreng má skammta reiðhestum beit eftir þörfum. Ókostur er að með því að hafa hross í litlum hólfum, eykst traðk til muna. Það getur valdið miklum skemmdum á landi, gangi hrossin á því of lengi.

6. Bæta framræslu.
Framræsla breytir gróðurfari í landi, yfirleitt æskilegri beitargróðri í hag. Við hnignandi framræslu breytist gróðurfar landsins til hins verra hvað gæði beitar varðar. Til bóta er að hreinsa upp úr gömlum skurðum, sem ekki gegna hlutverki sínu lengur. Framræsla er umdeild aðgerð og ber að skoða vandlega hvort þörf sé á nýjum skurðum áður en til framkvæmda kemur.

7. Græða upp ógróið eða lítt gróið land.
Með áburðargjöf, moði eða skít má græða upp lítt gróið eða örfoka land og stækka þannig beitarlandið. Árangursríkt til uppgræðslu er að gefa útigangshrossum á mela og flagmóa. Þess þarf að gæta að gefa ekki alltaf á sama stað heldur sem víðast um landið. Það gildir einnig þó gefið sé á gróið land.

8. Fækka hrossum í landinu.
Miðað við stöðu hrossaræktarinnar og arðsemi hennar hlýtur það að vera hagsmunamál hvers bónda að eiga einungis gripi, sem skila arði og hann hefur landrými fyrir.

Viðauki I



Bú sem tóku þátt í Gæðastýringu í hrossarækt árið 2016.

Landgræðsla ríkisins, ABÞ, janúar 2017. Grunngögn © LMÍ

Viðauki II
Gæðastýring í hrossarækt
Landnýting og úttektir beitarlands

Tilgangur
•Að tryggja sjálfbæra nýtingu beitarlands.
•Að tryggja velferð hrossa.
•Að auka ábyrgð landeigenda, sem vörslumanna lands.
•Þáttur í gæðastjórnun í hrossarækt.

Úttektaraðferð
Úttektin gildir eingöngu fyrir land sem nýtt er til hrossabeitar. Beitarland og landnýting skulu metin eftir ástandsskala *Rannsóknastofnunar landbúnaðarins* (Rala) og *Landgræðslu ríkisins* (Lr.), sem skýrður er í ritinu Hrossahagar. Aðferð til að meta ástand lands (*Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, maí 1997*). Við mat á jarðvegsrofi er einnig notað ritið Að lesa landið (*Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997*). Niðurstaða úttektar miðast við ástand lands, þegar úttekt fer fram.

Úttektaraðilar
Landgræðsla ríkisins annast úttektina. Sérfræðingar Landgræðslunnar í beitarmálum sjá um starfsþjálfun og samræmingu mats þeirra er vinna að úttektum lands og setja þeim nánari vinnureglur.

Flokkun lands í úttektareiningar
1. Ræktað land.
2. Úthagi.
3. Geymsluhólf fyrir brúkunarhross.
4. Afréttir.

Úttektir
• Umsókn bónda um úttekt á beitarlandi, ásamt korti eða loftmynd af því landi er meta skal. Fram komi stærðir einstakra beitarhólfa.
• Ekkert beitarland sem fer í ástandsflokk 5 skal nýtt til beitar.
• Úthaga, sem fer í flokk 4, skal ekki nýta til beitar nema með miklum takmörkunum og/eða markvissum landbótaaðgerðum.
• Úthagi, sem fer í flokk 3, er nýtanlegur til beitar með takmörkunum.
• Geymsluhólf skulu staðsett á sléttlendi sem auðvelt er að bera á og bæta landskemmdir. Þau skulu ekki staðsett í halla eða á rofsæknu landi.
• Afréttir sem viðkomandi nýtir til beitar skulu hæfir til hrossabeitar að mati Landgræðslu ríkisins.
• Niðurstaða úttektar gildir fyrir úttektarárið.

Kostnaður og gjaldskrá
Landgræðslan sér um fjárreiður vegna úttektanna og leggur fram gjaldskrá, sem stjórn Félags hrossabænda samþykkir. Skal hún endurskoðuð árlega. Úttektarþegar bera kostnað af úttektunum. Að liðnum þremur fyrstu þátttökuárunum er annað hvort úttektarár án gjaldtöku, enda hafi beitarlandið staðist úttektarkröfur samfellt í fyrirfarandi þrjú ár.

Vinnureglur og skýringar

Úttektaraðferð og úttektaraðilar
• Úttekt fer fram á tímabilinu 15. ágúst til 15. nóvember ár hvert. Jörð skal vera snjólaus þegar úttekt fer fram.
• Niðurstaða úttektar gildir fyrir yfirstandandi ár.
• Fara skal um allt beitarland sem úttekt tekur til og ástand þess metið. Ástandseinkunn skal gefin hverju beitarhólfi, lakast 5 og best 0. Sérstaklega þarf að gaumgæfa ástand landsins við frumúttekt og ef vafi getur leikið á um ástandsflokkun. Í matsniðurstöðum skal gera grein fyrir einstökum beitarhólfum.
• Miðað skal við ástand lands eins og það er þegar matið fer fram.
• Úttektarþegi á rétt á að vera viðstaddur landmatið og fá allar skýringar er það varðar.
• Úttektaraðilar skrá hjá sér upplýsingar er varða úttektina og ástand landsins á sérstök eyðublöð. Skulu úttektarþegi og Landgræðslan, fá samhljóða eintök af niðurstöðu úttektar.
• Landgræðslan annast úttektir og leggur til þess starfsfólk. Menntunarkröfur eru: a) BSc próf í búvísindum eða sambærileg menntun. b) Nemar, sem lokið hafa tveggja ára námi við Búvísindadeild Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, geta unnið að úttektum með þeim starfsmönnum, er lokið hafa námi skv. lið a.
• Sérfræðingar Landgræðslunnar í landlæsi og

beitarmálum sjá um starfsþjálfun starfshópsins.
• Frumúttekt skal ætíð unnin af tveimur aðilum úr áðurnefndum starfshóp. Sú meginregla skal gilda, komi upp álitamál við vottun að landið skal njóta vafans.

Viðmiðanir
Ástandseinkunn í beitarhólfi verður aldrei betri en einkunn fyrir rofdíla nema land sé í uppgræðslu. Aðrir þættir í ástandsmati geta lækkað einkunnina.

Land sem er að hluta til í mjög slæmu ástandi eða óbeitarhæft fyrir hross að mati úttektaraðila vegna jarðvegsrofs og/eða brattlendis getur staðist úttekt, sé landið friðað fyrir hrossabeit eða að nýting þess hamlar ekki eðlilegri gróðurframvindu og bata landsins að mati úttektaraðila enda fari þar jafnframt fram landbótaaðgerðir. Lítt grónir melar eiga ekki að draga úr möguleikum á að land standist úttektarkröfur, enda séu önnur atriði í lagi og ekki virkt jarðvegsrof í gangi á melum eða í jöðrum þeirra.

Úttektareiningar
Ræktað land. Tún, sem eru eingöngu nýtt til beitar. Ekki skal meta tún sem einnig eða eingöngu eru notuð til slægna. Beitarland stenst ekki úttektarkröfur ef:
a) meira en 3 ha. fara í fl. 3.
b) 1 ha. eða meira fer í fl. 4.

Úthagi. Átt er við óræktað land, áborið eða óáborið, girt eða ógirt. Beitarland stenst ekki úttektarkröfur ef:
a) 20% eða meira af landinu fer í fl. 3.
b) 5% eða meira af landinu fer í fl. 4.
c) Brattlendi stenst ekki úttekt, fari það í flokk 3.
Sérstök álagssvæði í úthaga s.s. gjafasvæði eða umferðarsvæði þurfa ekki að hafa áhrif á ástandseinkunn beitarhólfs enda sé það mat úttektaraðila að umfang svæðis sé innan eðlilegra marka. Þau skulu þó aldrei vera meira en 5% af heildarstærð úttektareiningar.

Geymsluhólf. Hér er átt við afmörkuð hólf sem eingöngu eru notuð fyrir brúkunarhross. Þau geta verið á ræktuðu landi eða úthaga en skulu metin sem sérstök úttektareining. Þau mega ekki hljóta lakari einkunn fyrir rofdíla en 3 þó heildareinkunn sé lakari. Geymsluhólf mega ekki vera staðsett í halla, brattlendi eða rofsæknu landi.

Afréttir. Landgræðsla ríkisins heldur skrá yfir afréttir, sem teljast beitarhæfar fyrir hross að mati sérfræðinga hennar.

Úttektargögn og ferli úttektar
Þeir, sem óska að gerast þátttakendur í landnýtingarþætti gæðastýringar í hrossarækt, senda Landgræðslunni skriflega umsókn um úttekt á landi sínu fyrir 1. ágúst ár hvert. Umsókninni skal fylgja landnýtingarkort eða loftmynd af beitarlendi umsækjanda, þar sem stærðir landsins koma fram og/eða eru mælanlegar. Loftmyndir þurfa að vera í mælikvarðanum 1:4.000 – 1:8.000. Landamerki og girðingar þurfa að vera merkt inn á loftmyndir, auk annarra atriða er skipta máli vegna landnýtingar, svo sem stærðir einstakra beitarhólfa. Í umsókn þarf að koma fram fjöldi og aldursskipting hrossastofnsins. Myndgögn þarf að leggja fram við upphafsúttekt en viðbótargögn, þar með talin myndgögn, þarf að leggja fram verði breytingar á úttektaraðstæðum. Gangi hross úttektarþega óhindruð í land annarra en úttektarþega, hvort sem um er að ræða formlega leigu eða ekki, skal það land einnig metið. Sömu kröfur um myndgögn eru gerðar vegna þess lands. Landgræðslan getur krafist staðfestingar á því að úttektarþegi hafi beitarleyfi í landið.

Ef land úttektarþega stenst ekki settar úttektarkröfur, skal úttektarþega, innan tveggja mánaða frá úttektardegi, send skrifleg greinargerð um þær úrbætur, sem nauðsynlegar eru til að land viðkomandi standist úttektarkröfur. Ekkert yfirmat er á úttektum og niðurstöðum þeirra því ekki hægt að áfrýja.

Hrossaræktandi, sem ekki hefur yfir landi að ráða en er með hross sín í hagagöngu í landi annarra, getur sótt um úttekt á því landi, enda liggi fyrir sömu gögn og krafist er við aðrar úttektir lands. Að auki þarf að liggja fyrir skriflegt leyfi umráðamanns landsins fyrir úttekt á landinu.

Landgræðsla ríkisins • Gunnarsholti • 851 Hellu
Sími: 488 3000 • Fax: 488 3010 • land@land.is • www.land.is